




HVERAGERÐI - DEILISKIPULAG ÞJÓNUSTU- OG TJALDSVÆÐIS VIÐ ÁRHÓLMA Í ÖLFUSDAL




Deiliskipulagsreitir A fyrir breytingu - Mkv. 1:2000



Deiliskipulagsreitir A - þjónustureitur og bilastæði, eftir breytingu - Mkv. 1:2000



Deiliskipulagsreitir A - Zip-line upphafs- og útsýnisturn, eftir breytingu - Mkv. 1:1000



Yfirlitsmynd - Mkv. 1:5000

Greinargerð

Almennt

Núgildandi deiliskipulag fyrir Árhólma skiptist í tvo reiti, A og B. Reitir A og B nær yfir þjónustumiðstöð, bilastæði og tvær lóðir fyrir smáhyli og gistiheimili. Nýlega er búið að reisa nýja þjónustumiðstöð á reitnum og ný gjaldskýld bilastæði hafa verið tekin í notkun. Á reit B er gert ráð fyrir tjaldsvæði.

Þjónustumiðstöðin og bilastæðin eru fyrsti áfangi í uppbyggingu svæðisins sem skv. gildandi aðalskipulagi er ætlað fyrir margvislega þjónustu og afþreyingu. Fyrir liggur að stækka þurfi bilastæðin og einnig er fyrirhugað að setja upp svifbraut. Zip-line, meðfram giliinu við Hengladalá niður að Jökutanga, u.þ.b. 1 km að lengd. Zip-line samanstendur af upphafspalli og endapalli og milli þeirra eru strangir tveir samsíða vírar. Upphafspallurinn verður útbúinn þannig að hann verði jafnframt útsýnispallur við Svartagljúrfoss og Svartagljúrfoss. Göngustígur verður lagður að upphafspallinum frá þjónustumiðstöð og núverandi vegstöðu niður sem aðkomu og við uppbyggingu upphafspalls.

Deiliskipulagsbreytingin felst í stækkun á reit A, þannig að hann náli til stækkunar á bilastæði og nái yfir lóðir og byggingarreiti fyrir upphafs- og endapall Zip-line. Einnig felur deiliskipulagið sér göngustíg meðfram Hengladalargili og stækkun á byggingarreiti á lóð A1, en skilmálar fyrir lóðina haldað óbreyttir.

Zip-line er vinsæl afþreying fyrir ferðamenn sem þannig fá tækifæri að sjá og njóta náttúrunnar frá nýju sjónarhorni. Þessi afþreyingarmöguleiki er viðbót við aðra afþreyingarmöguleika í nágrenninu, s.s. bóðin í lækunum inni í Reykjadal. Þjónusta við afþreyinguna mun verða í eða við núverandi þjónustumiðstöð og þannig sammykt mannvirki og bilastæði. Núverandi bilastæði eru um 120 talsins og gerir stækkunin ráð fyrir allt að 80 bilastæðum til viðbótar, auk nokkurra bilastæða fyrir stærri bíla. Framkvæmd við upphafs- og endapall er mjög staðbundin og afturkræf því lítil jarðrask fylgir framkvæmdinni.

Málsmeðferð

Lýsing fyrir aðal- og deiliskipulagsbreytingu var auglýst frá 23. ágúst til 20. september 2021. Lýsingin var einnig send lögðbundnum umsagnarauðlum og bárust umsagnar frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Vegagerðinni og Sveitarfélaginu Ölfusi. Súmu umsagnaraðilar fengu síðan tillögu að deiliskipulagsbreytingu til umsagnar. Í síðari útsögn NI er áttátt mikilvægi þess að gera grein fyrir áhrifum svifbrautar á sjónræna þætti, þjóðveg og umhverfi. Í útsögn Vegagerðarinnar frá 12. jan. 2022 eru settar fram kröfur um útfærslu svifbrautar og útsýnisturns, svo mannvirkin valdi ekki sjónræni trúflun á umferð. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2017-2029 þar sem gert er ráð fyrir margvislegri þjónustu á reit VÞ1 í Árhólum. Samhlöða deiliskipulagsbreytingu þessari er auglýst breyting á aðalskipulagi þar sem VÞ1 reiturinn er stækkaður og nýr reitur AF2 skilgreindur fyrir upphafspall Zip-line. Auk þess breytast sveitarfélagamörk til samræmis við landeignaskrá. Meðfram Hengladalá er strandsvæði og þar fyrir utan byggt svæði, sem að hluta er á vatnsvernd grannsvæði.

Skipulagssvæðið

Deiliskipulagsreitirinn er hluti af stóru útivistarsvæði í Ölfusdal og þaðan er einnig aðgengi að enn stærra útivistarsvæði sem teygir sig frá Reykjadal yfir Hengladalá.

Náttúrfarar og svæði á náttúruminjasrá

Svæðið meðfram Hengladalá er skilgreint sem „Aðrar náttúruminjar“ á Náttúruminjasrá en Varmá og Ölfusforir eru á náttúruminjasrá (751) vegna vísindalegs gildis. Unnið er að fríðlýsingu Reykjarforunnar í Ölfusi og liggur fyrirhugað fríðlýst svæði rétt utan við skipulagsreitinn. Nútimahraun og fossar njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og 62. gr. sömu laga fjallar um bakgróður meðfram ám og vötnum.

Forneifar

Fyrir liggja tvær forneifaskráningar. Annars vegar skráning Forneifastofnunar Íslands, sem skráði forneifar í Hveragerði á tímabilinu 2001-2002. Engar forneifar fundust innan deiliskipulagsreits. Hins vegar skráðu starfsmenn Forneifaverndar ríkisins forneifar á Hengladalá í tengslum við vinnu 2. áfangar rammaáætlunar og náði þá til þess svæðis sem hér er fjallað um. Engar forneifar voru skráðar innan þess. Bent er á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 en þar segir: Ef forneifur sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verk megi fara haldi og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Skipulagskilmálar

Breytingar verða á skilmálum í grein 6.1 með deiliskipulaginu, sem fjallar um framkvæmdir innan reits A og nýir skilmálar verða settir fyrir Zip-line.

Skilmálar fyrir breytingu:

Gr. 6.1 liður 2.

Bilastæði og stigar fyrir útivistarfólk.

Gert ráð fyrir um 115 bilastæðum og munu þau þjóna þeim sem sækja útivist ofan Hveragerðisbæjar. Til marks um þjónu á bilastæðum má benda á að loftmynd, sem tekin er sumaríð 2013 og er í grunni deiliskipulagstillagunar má sjá um 60 bíla á núverandi bilastæði og aðkomuveg á svæðinu. Við gistskæla er gert ráð fyrir 7 bilastæðum en við hvert smáhyli er gert ráð fyrir einu bilastæði. Núverandi bilastæði við Jökutanga verða grædd upp og gerð svipuð og landið í kring eins og fram kemur á myndunum hér fyrir neðan.

Skilmálar eftir breytingu:

Gr. 6.1 liður 2.

Bilastæði og stigar fyrir útivistarfólk.

Gert er ráð fyrir samtals um 200 bilastæðum, auk rútustæða. Bilastæði skulu falla vel að umhverfinu og skal leitað við að brjóta þau upp með gróðri, mönnum og óhreyfðu landi og forðast þannig óeðlileg sjónræn áhrif. Samtímis skal tryggja góðar göngutengingar frá bilastæðum að þjónustumiðstöð. Heimilt er að leggja göngustíg frá þjónustumiðstöð að upphafstorni Zip-line. Göngustígurinn skal ekki liggja of nálægt gilbarminni og skal falla eins vel að landi og unnt er. Stíginn má útfæra sem malar eða malblásktíg, allt að 2m á breidd. Forðast skal rask utan við stíg, en þar sem það er ósjákvæmlega skal ganga frá svæði svo falli vel að núverandi landi. Einnig er heimilt að nýta og endurbæta núverandi vegstöðu sem liggur frá Breiðumörk og u.þ.b. háfa leið upp að upphafspalli fyrir ökutækjum sem þjóna gestum Zip-line en vegstöðin er að öðru leyti lokaður fyrir almennri umferð bíla.

Gr. 6.1 liður 5 - Zip-line.

Innan byggingarreits upp við Svartagljúrfoss er heimilt að reisa allt að 13m háan turn fyrir upphaf Zip-line, sem jafnframt er útsýnispallur við gilbarmin. Turninn er reitur á steypum uppistöðum og má grunnflötur hans vera allt að 80 m². Efnisval og uppbygging mannvirkis skal taka mið af þeim veðurfaralegu aðstæðum sem ríka á svæðinu og þola vinddæg, snöggar hitabreytingar, ísingu ofl. Turninn og útsýnispallurinn skal vera í jarðlittum svo hann falli vel að landi og uppbygging hans skal vera látaust og létt stálvirki. Heimilt er að setja á turninn merki svifbrautarinnar en að öðru leyti er óheimilt að setja auglýsingaskilti á eða við hann. Óheimilt er að fríðlýsa turninn með áberandi hætti. Setja skal upp skjólvegi eða gróðurbelti við turninn til að draga úr ásynð frá þjóðvegi á fólk sem staðsett er næst turninum.

Til að tryggja öryggi notenda svifbrautarinnar skal í úmsökum um byggingarleyfi og starfsleyfi fyrir svifbrautinni fylgja verkfræðilegir útreikningar eða önnur þau gögn sem segja fyrir um það, við hvaða veðurfararslegar aðstæður ekki megi hafa brautina í notkun. Innan byggingarreits við Jökutanga er heimilt að setja upp lendingarpall og endamatstúf fyrir Zip-line. Grunnflötur endapalls, sem reitur er á steypum uppistöðum, getur verið allt að 50 m² og hæð mastra allt að 8 m. Súmu skilmálar gilda um efnisval og fyrir upphafspall.

Að öðru leyti haldað skilmálar óbreyttir.

Umhverfismat

Umhverfismatið er unnið skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Helstu áhrif deiliskipulagsins eru á umhverfispættina landslag og ásynð, gróðurfar og samfélag.

Sjónræn áhrif

Svifbrautir mun hafa einhverj neikvæð áhrif á landslag og ásynð. Turninn við upphaf linnunnar, ofarlega í Kömbunum, rís um 13 m yfir jarðvegysfirirbori en lendingarpallurinn niðri á Árhólmanum verður í um 2 m hæð en staurar og stóg við pallinn eru í um 8 m hæð. Engin mannvirki eru í næsta nágrenni við turninn, hann er nálægt þjóðvegi 1 en þó utan veghelgunarsvæðis og stendur mun lægra í landi. Lendingarpallurinn verður staðsettur nálægt núverandi þjónustuhúsi og bilastæði. Línan sjálf verður einnig sýnileg en mun alla jafna falla nokkuð vel inn í landslagið. Mannvirkin hafa ekki áhrif á aðgengi að ám og fossum í grenndinni og trefja ekki ásynð á fossa í Svartárgljúfri. Áhrif á landslag og ásynð eru talin neikvæð en til að draga úr neikvæðum áhrifum eru settir skilmálar til að tryggja vandaða hönnun og frágang mannvirkja. Lita- og efnisval miði að því að mannvirkin falli sem best að landslagi og verði sem minnst sýnileg.

Gróðurfar

Svæðin tvö, þar sem turn og lendingarpallur standa, eru byggð og allar framkvæmdir hafa því áhrif á gróðurfar. Turninn stendur á litt grónu svæði við jadar raskaðs vegsvæðis þjóðveg. Skv. vistgerðarkorti NI er þar helst að finna vistgerðirnar mosahraunavist og hraungambraut, sem hafa miðlungs og lágt verndargildi. Niðri á Árhólmanum þar sem lendingarpallurinn er staðsettur er svæðið grónara, en þar er töluverð umferð gangandi vegfarenda. Helstu vistgerðir eru lyngmóavist á láglendi og língresis- og vingulsvis, sem hafa miðlungs til hátt verndargildi. Aðkomu að turninum verður frá Breiðumörk um núverandi sílóða sem verður lagfærður með malarjafi, þessi vegur verður ekki ætlaður umferð fyrir annað en snjár að þessari starfsemi. Síðasti spóllurinn að turninum verður gönguleið upp með ánni. Gætt skal að óþarfa traðki og jarðvegsskaki en stígurinn verður upp og þá brúgðist við með því að lagfæra stígin. Bæði þessi mannvirki eru að fullu afturkræf. Áhrif á gróðurfar eru talin óveruleg, en lögð er áhersla á að raska landi eins lítið og kostur er og nýta það svæðis sem leggst til við frágang svæðisins að lokinni uppbyggingu.


Samfélag

Staðsetning zip line er mjög góð, við mynni Reykjadal. Þetta svæði er mjög vinsælt til útivistar og gönguferða og um það fer mikill fjöldi fólks á ári hverju. Á svæðinu er rekin ferðaþjónusta og mun sú starfsemi og zip line að öllum líkindum styrkja hvor aðra. Áhrif á samfélag eru talin jákvæð, það býður upp á vinsælan afþreyingarmöguleika, hefur jákvæð áhrif á lýðheilsu íbúa með auknum möguleikum á útivist, eflir atvinnulíf á svæðinu og styrkir tekjufostna sveitarfélagsins. Skipulagsbæðið er í nálægð við helstu innvið eins og götur og ferir. Deiliskipulagið miðar því að sammytingu innviða og hagkvæmri nýtingu lands.

Með skilmálum um útfærslu og ásynð svifbrautar og útsýnisturns er leitað við að draga úr neikvæðum, sjónrænum áhrifum, sem gætu haft áhrif á umferðaröryggi, í samræmi við útsögn Vegagerðarinnar.

Niðurstaða

Miðað við að gætt sé að hönnun mannvirkja og tillit tekið til gróðurfars er ekki gert ráð fyrir að framkvæmdir hafi í för með sér neikvæð áhrif á umhverfið. Aftur á móti er mjög líklegt að áhrif á samfélag verði jákvæð, stöðji útivist og styrki samfélagið. Á heildina lítið er eru umhverfisáhrif framkvæmdarinnar talin jákvæð.



Myndir úr 3D líkani frá Eflu ehf, sýna upphafspall og endapall Zip-line


Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá 17. jan. 2022 til 7. mars 2022 var samþykkt í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 10. mars 2022.

Alldís Hafþór
BÆJARSTJÓRN HVERAGERÐI

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Skýringar:

- Sveitarfélagamörk
- Mörk deiliskipulags
- Mörk Náttúruverndarskrár um Varmá og Henglavæði Svæði norðan linnunnar er innan verndunar
- Mörk hvernverndar Varmár skv. aðalskipulagi
- Lóðamörk
- Útlínur tjaldsvæðis
- Byggingarreitur, hámark
- Flatarmál lóðar í fermetrum
- Blifreiðastæði á lóð / fjöldi stæða
- Ný hús og húsn.
- Göngustígur / gönguleið
- Gangstétt
- Reiðstígur skv. aðalskipulagi
- Lág hjólmót með gróðri
- Gróðursvæði
- Rotþró og fráveita Laðveinarás staðsetning fráveitulaugna og rotþró
- Loftlína Zip-line



Breytt aðalskipulag, auglýst samhlöða deiliskipulagi



Br. dags. 12. jan. 2022 - vegna útsögnar Vegagerðarinnar
Br. dags. 7. jan. 2022 - vegna útsögnar NI

HEITI VERKS:
HVERAGERÐISBÆR
ÞJÓNUSTU- OG TJALDSVÆÐI VIÐ ÁRHÓLMA

HEITI TEIKNINGAR:
DEILISKIPULAGSBREYTING REITUR A
ZIP-LINE OG BILASTÆÐI

VERNRN:	MKV:	TEIKNING NR.:
213-005	1:2000 A1	1
TEIKNAD AF:	HANNAÐ AF:	DAGS. TEIKN:
sg	oh/sg	6. des. 2021
TEIKN. BREYTT:		12. jan. 2022

YFIRSEÐA MANNAVERK:
Alldís Hafþór
LANDFORM
LANDSLAGSARBEIÐTAKUR
Austurvegi 6 - 800 Selfoss
t: 482 4090
net: landform@landform.is